

25.02.2020

Auglýsing um framlög til þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka

Utanríkisráðuneytið vekur athygli á breyttri auglýsingu varðandi umsóknir um framlög sem veitt eru á grundvelli reglna nr. 300/2019 um styrkveitingar utanríkisráðuneytisins til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Auglýst var upphaflega 10. janúar sl. og fellur sú auglýsing úr gildi. Halda þær umsóknir, sem inn hafa komið á grundvelli þeirrar auglýsingar, gildi sínu en velkomið er að senda inn nýja umsókn. Umsóknarfrestur hefur verið lengdur frá því sem auglýst var 10. janúar sl.

Um framlögin

Veitt verða framlög til þróunarsamvinnuverkefna er koma til framkvæmdar í lágtekjuríkjum og lágmillitekjurríkjum, skv. [lista þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar \(DAC\) yfir þiggiendur alþjóðlegrar þróunaraðstoðar](#).

Við mat á umsóknum verður stuðst við viðeigandi matsform sem er að finna á [heimasíðu utanríkisráðuneytisins](#). Jafnframt verður sérstaklega litið til verkefna með skírskotun til mannréttinda og samstarfs við atvinnulífið.

Styrkhæfir aðilar

Til að teljast styrkhæf þurfa samtök að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera skráð í fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra sem félagasamtök að annaðhvort rekstrarformi eða skv. starfsgreinaflokkun
- Starfa í þágu ófjárhagslegs tilgangs
- Hafa sett sér lög og hafa stjórn
- Félagsmenn, styrktaraðilar eða stuðningsaðilar eru minnst 30 talsins
- Tilgangur samtakanna gangi ekki gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu
- Halda í heiðri grundvallarreglur um mannúðaraðstoð
- Hafa lagt fram áritaðan ársreikning í samræmi við kröfur Ríkisendurskoðunar

Umsækjendur þurfa uppfylla þær kröfur um meðferð og vörslu fjármuna á sviði þróunarsamvinnu sem Ríkisendurskoðun gerir. Jafnframt þurfa umsækjendur, sem falla undir lög nr. 119/2019 um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, að uppfylla skilyrði laganna um skráningu í almannaheillafélagaskrá áður en til styrkveitingar kemur.

Styrkfjárhæðir í boði

Til úthlutunar að þessu sinni er allt að 90 m. kr. Heimilt er að veita styrk til sama verkefnis til allt að fjögurra ára, með fyrirvara um fjárheimildir fjárlaga hvers árs. Styrkupphæð þróunarsamvinnuverkefna getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefnið.

Atriði sem þurfa að koma fram í umsókn

Vísað er í reglur utanríkisráðuneytisins [nr. 300/2019](#) um styrkveitingar til félagasamtaka í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.

Í umsókn skal umsækjandi meðal annars lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis sem liggur til grundvallar umsókn, áætlun um framkvæmd þess og tíma- og kostnaðaráætlun. Þá skal koma fram mat á áhrifum verkefnisins. Njóti umsækjandi annarra styrkja eða framlaga vegna verkefnisins skal gera grein fyrir slíkum framlögum eða styrkjum.

Umsækjendum er bent á umsóknareyðublöð, reglur utanríkisráðuneytisins nr. 300/2019 um styrkveitingar, matsviðmið og aðrar leiðbeiningar sem eru að finna á [heimasíðu ráðuneytisins](#).

Úthlutun styrkja fer eftir þeim skilmálum sem fram koma í reglum ráðuneytisins og leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar, sem finna má á ofangreindri heimasíðu.

Einungis umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar og úthlutunarskilmála verða teknar til greina.

Um styrkveitingar til verkefna félagasamtaka í málaflokknum gilda lög um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar ráðherra.

Matshópur, tímafrestur og áætlaður afgreiðslutími

Umsóknir til framlaga til þróunarsamvinnuverkefna þurfa að berast fyrir miðnætti þriðjudagsins 31. mars 2020.

Leiðbeiningar og nánari upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á [heimasíðu utanríkisráðuneytisins](#).

Utanríkisráðherra úthlutar styrkjum að fengnu á liti þriggja manna matshóps sem er skipaður tveimur óháðum sérfræðingum á sviði þróunarsamvinnu og fulltrúa utanríkisráðuneytisins.

Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í júní 2020.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Ásgeirsdóttir, sérfræðingur í utanríkisráðuneytinu soley.asgeirsdottir@utn.is.